

## 1. fundur samstarfsnefndar Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Haldinn þann 17. september í gegnum fjarfundarkerfið Zoom.

Fundinn sátu:

- Álfhildur Leifsdóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Gísli Sigurðsson, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Hrefna Jóhannesdóttir, frá Akrahreppi
- Ingibjörg Huld Þórðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Jóhanna Ey Harðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Ragnhildur Jónsdóttir, frá Akrahreppi
- Sigfús Ingi Sigfússon, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Sigríður Sigurðardóttir, frá Akrahreppi
- Róbert Ragnarsson, Freyja Sigurgeirsdóttir og Gunnar Úlfarsson frá RR ráðgjöf. Freyja ritaði fundargerð.

RR setti fundinn kl. 10:05.

### 1. Nefndin skiptir með sér verkum

Sigfús lagði til að Hrefna yrði skipuð formaður samstarfsnefndarinnar og var tillagan samþykkt samhljóða.

### 2. Verkbættir og tímalína verkefnis

RR fór yfir fyrirkomulag verkefnisins og tillögu að tímalínu sem miðar við kjördag í lok janúar 2022. Miðað er við að samstarfsnefndin skili álitni sínu í byrjun nóvember. Ákveðið var að nefndin fundi á hverjum fimmtudegi kl. 8:30.

RR fór yfir kostnaðaráætlun verkefnisins. Jöfnunarsjóður greiðir vinnuna og því leggst ekki kostnaður á sveitarfélagin. RR mun leggja fram tillögu um kostnaðaráætlun sem verður rædd og afgreidd á næsta fundi nefndarinnar.

RR fór yfir fyrirkomulag starfshópa og hvernig reynsla fyrri verkefni hefur verið af slíku fyrirkomulagi. Ákveðið var að skipa ekki sérstaka starfshópa til að meta stöðu mismunandi málaflokka heldur fá frekar sérfræðinga og starfsmenn inn á fundi samstarfsnefndar. Mat á stöðu málaflokka verður því unnið á fundi samstarfsnefndar með aðkomu aðila sem hafa sérþekkingu í þeim málaflokki sem er til umræðu hverju sinni. RR mun gera drög að skipulagi og dagskrá funda nefndarinnar og raða málaflokkum niður. Drög að slíku skipulagi verður lagt fram á næsta fundi nefndarinnar.

### 3. Kynningarmál

Gunnar fór yfir vefsíðu verkefnisins sem mun fá slóðina „skagafirdingar.is“. Mikið efni er til frá stöðugreiningu RR ráðgjafar og verður það efni fært á vefsíðuna. Einnig er til efni frá Markaðsstofu Norðurlands sem hægt væri að nýta. Stefnt er að því að vefsíðan verði birtingarhæf eftir næsta fund nefndarinnar.

### 4. Íbúasamráð

Hrefna spurði hvernig hægt væri að ná góðu íbúasamráði á meðan vinna samstarfsnefndar færi fram. RR lagði til að það yrðu haldnir fundir í lok október í gegnum fjarfundarbúnað og fá fram viðhorf og sjónarmið íbúa. Nefndin gæti svo brugðist við slíkum ábendingum áður en lokatillaga verður lögð fram.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 10:47.

Næsti fundur nefndarinnar verður fimmtudaginn 23. september.